



## Fjárhagsáætlun Flóahrepps 2025-2028 Greinargerð

Á hverju ári samþykkir sveitarstjórn fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og áætlun fyrir næstu þrjú ár þar á eftir. Fjárhagsáætlun næsta árs er bindandi ákvörðun sveitarstjórnar um allar fjárhagslegar ráðstafanir og áætlun næstu þriggja ára er heildaráætlun sem mótar áherslumál og stefnu til lengri tíma. Í áætluninni er farið yfir helstu verkefni sveitarfélagsins og gerð grein fyrir forsendum. Í fjárhagsáætlun má finna framkvæmda- og fjárfestingaáætlun og kostnaðaráætlun fyrir rekstur, eignir og skuldir bæði í heild og eftir deildum og málaflokkum.

Flóahreppur er sveitarfélag í vexti. Þann 1. janúar 2024 voru íbúar Flóahrepps 699 skv. uppfærðum tölum Hagstofunnar. Skv. Þjóðskrá Íslands voru íbúar Flóahrepps 742 þann 1. desember 2024. Mikil uppbygging hefur verið síðustu ár og áfram er eftirspurn eftir húsnæði í sveitarfélaginu. Í dag eru 267 fullbúnar íbúðir í Flóahreppi og fjölga þeim um 4 á milli ára. 25 íbúðir eru í byggingu eða uppi byggingaráform um þær. Sveitarfélagið undirbýr uppbyggingu íbúðabygðar á svæðinu við Þingborg og mun sú uppbygging hefjast á árinu 2025. Að auki eru einkaaðilar með fjölbreytt lóðaframboð víðsvegar um sveitarfélagið. Búið er að skrifa undir samning vegna nýrrar Ölfusárbrúar sem mun styrkja okkar sveitarfélag og svæðið allt enn frekar en stefnt er að því að hún verði tekin í notkun á árinu 2028. Það er ljóst að það er uppbygging og íbúafjölgun allt í kringum okkur og áhugi á búsetu og atvinnuuppbyggingu á svæðinu.

Fjárhagsleg staða og rekstur sveitarfélagsins er í góðu jafnvægi. Skuldahlutfall sveitarfélagsins er lágt. Stærstu tekjustofnar sveitarfélagsins eru útsvar og fasteignaskattur ásamt framlögum Jöfnunarsjóðs. Tekjustofnar eru að hækka á milli ára. Áætlað útsvar og fasteignaskattur hækkar um 48 milljónir á milli árana 2024 og 2025 og áætluð framlög Jöfnunarsjóðs hækka um 45 milljónir á milli ára. Aðrar tekjur hækka einnig skv. áætlun og eru áætlaðar heildartekjur að hækka um rúmar 123 milljónir á milli ára. Áætluð rekstrargjöld í A og B hluta hækka um 58 milljónir á milli ára.

Sveitarfélagið býr yfir öflugum mannauði sem starfar fyrir sveitarfélagið. Menntunarstig í leik- og grunnskóla er hátt og mikil fagþekking til staðar. Starfsmenn eru í dag 57 talsins. Hlutfall launa og launatengdra gjalda af tekjum árið 2025 er áætlað 53,3%. Mikilvægt er að sýna ábyrgð og ráðdeild í rekstri stærstu stofnana sveitarfélagsins án þess þó að skerða þjónustu og er lögð áhersla á að stjórnendur stýri sínum deildum í samræmi við gildandi fjárhagsáætlun.

Þjónustugjöld svo sem vegna sorphirðu og seyrulosunar eru ákveðin ár hvert og markmiðið að þau standi undir rekstri þess málaflokks að sem mestum hluta. Sveitarfélagið innheimtir fæðisgjöld í leikskóla en skólamáltíðir eru gjaldfrjálsar í grunnskóla. Fæðisgjöldum er ætlað að standa að stærstum hluta undir hráefniskostnaði. Vistunargjöld í leikskóla og skólavistun við grunnskóla eru innheimt eftir skráningum en það er þjónusta sem sveitarfélagið greiðir að stærstum hluta með. Vatnsgjald er innheimt af tengdum fasteignum, lóðum og beitarhólfum og stendur að hluta undir rekstri vatnsveitu sveitarfélagsins.

Útvarsprósenta fyrir árið 2025 verður óbreytt eða 14,97%. Álagning fasteignagjalda í A flokki **lækkar** á milli ára og fer úr 0,47% 0,45% og hefur álagning á A flokk því lækkað úr 0,50% í 0,45% frá árinu 2022.



Lækkun í A flokki hefur m.a. áhrif á eigendur íbúða og íbúðarhúsa, frístundahúsa og útihúsa. Álagning í B flokki verður óbreytt á milli ára en fyrri umræða fjárhagsáætlunar gerði ráð fyrir hækkun í C flokki sem sveitarstjórn fellur frá á milli umræðna og helst álagning í C flokki í 1,60%. Vatnsgjald hækkar um 5% á það við um lágmarks, hámarks og fast gjald. Árlegt gjald fyrir seyrulosun hækkar um 3,5% en að öðru leiti fer gjaldskrá fyrir seyrulosun eftir gildandi gjaldskrá Umhverfis- og tækisviðs Uppsveita bs.

Gjöld fyrir sorphirðu við heimili **lækka** á milli ára og nær lækkunin til þeirra grunnláta sem íbúum er skylt að hafa við íbúðarhúsnæði sitt skv. gildandi samþykktum. Gjald fyrir 140l lífræna, 240l almennan úrgang, 360l plasttunnu og 660l pappírstunnu verður alls 70.000 kr í stað 87.977 kr. *Lækkunina má rekja til góðs árangurs við flokkun úrgangs sem hafa leitt til hárra endurgreiðslna úr Úrvinnslusjóði.*

Sorpeyðingargjald hækkar um 5% á milli ára en það gjald er lagt á allt íbúðar- frístunda- og atvinnuhúsnæði í sveitarfélaginu. Gjaldið veitir aðgang að sorpkerfi og afsetningu úrgangs og kemur upp í það fasta gjald sem sveitarfélagið greiði í rekstur sorpkerfisins. Áfram verður í boði að nálgast inneignarkort fyrir allar eignir sem greiða sorpeyðingargjald og verður inneign ársins 2025 alls 500 kg á hverju korti. Áfram verður boðið upp á opna daga að vori þar sem hægt verður að henda á söfnunarstöð í Hrísmýri án þess að greiða skv. gjaldskrá þjónustuaðila eða nota inneignarkort.

Gjald á búfjáreigendur vegna dýrahæra verður áfram í gildi en fyrirkomulag og flokkun í umfangsflokka er tekið til endurskoðunar í nýrri gjaldskrá. Sveitarstjórn reynir að nálgast gjöld fyrir þennan úrgangsflokk á sanngjarnan hátt og hefur hlustað á sjónarmið notenda í þeim málum.

Gjalddagareglur fasteignagjalda, vatnsgjalds, sorphirðu, seyrulosunar og lóðarleigu verða óbreyttar á milli ára og eru tíu gjalddagar fyrir greiðslur 60.001 kr og hærrí.

Gjaldskrár sem snúa að börnum og viðkvæmum hópum hækka ekki umfram 3,5% á árinu. Þetta eru gjaldskrár fyrir akstur aldgra og fatlað fólk, fyrir mat og heimsendingu á mat fyrir eldri borgara, vistunargjöld og fæðisgjöld á leikskóla og vegna frístundar við Flóaskóla.

Gjaldskrá fyrir félagsheimilin Þingborg og Félagslund hækkar almennt um 5%.

Framundan eru áframhaldandi fjárfestingar í innviðum svo sem vatnsveitu og grunnskóla. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir því að fjárfesta fyrir um 117 milljónir í vatnsveitunni og 20 milljónir eru áætlaðar í hönnun og undirbúning á viðbyggingu og framkvæmdum við Flóaskóla og gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum við skólann á árunum 2026 og 2027. Gert er ráð fyrir því að kaupa iðnaðarbil í Heiðargerði undir áhaldahús sveitarfélagsins og fara í breytingar á sal í Þingborg til að bæta aðstöðu til íþróttakennslu. Gert er ráð fyrir stórrí fjárfestingu á árunum 2025-2028 vegna íbúðabyggðar á Þingborgarsvæðinu gatnagerðargjöld koma að stórum hluta á móti þeirri fjárfestingu. Farið verður í gatnagerð vegna stækkunar á svæðinu í Heiðargerði á árinu 2025-2026 og koma gatnagerðagjöld upp í þá fjárfestingu.

Samhliða íbúafjölgun og uppbyggingu í sveitarfélaginu þarf að huga að stækkun leikskóla í náninni framtíð og er unnið að breytingu á deiliskipulagi við Þingborg þar sem gert er ráð fyrir stækkun á leikskólanum á næstu árum. Gert var ráð fyrir að fara af stað í endurskoðun aðalskipulags Flóahrepps árið 2024 en stærsti hluti þeirrar vinnu færast yfir á árið 2025.

Áhersla er lögð á að viðhald á fasteignum verði gott og er gert ráð fyrir um 33 milljónum í viðhald og framkvæmdir á fasteignum og á lóðum sveitarfélagsins á árinu.



Vegna nauðsynlegrar innviðaupbyggingar og fjárfestinga á komandi árum er verið að horfa á sölu á eignum sem ekki gegna lykilhlutverki í lögbundnum verkefnum sveitarfélagsins til að mæta að hluta uppbyggingu og nýjum fjárfestingum.

## Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar 2025:

- Tekjur samstæðu A og B hluta 1.265 milljónir króna
- Rekstrargjöld A og B hluta 1.083 milljónir króna
- Afskriftir A og B hluta 41 milljón króna
- Fjármagnsgjöld A og B hluta 8 milljónir króna
- Rekstrarniðurstaða A og B hluta jákvæð um 132,7 milljónir króna
- Áætlað handbært fé frá rekstri A og B hluta um 168 milljónir króna
- Afborganir langtíma lána áætlaðar 40 milljónir króna (lán Flóaljóss greitt upp)
- Áætlaðar fjárfestingar í A hluta nema 241 milljón og í B hluta 117 milljónum króna
- Áætluð viðhaldspörf innan fasteigna sveitarfélagsins nema um 33 milljónum króna
- Ekki er gert ráð fyrir lántöku á árinu 2025
- Útsvarsprósenta óbreytt eða 14,97%
- Álagning fasteignagjalda í A flokki lækkar úr 0,47% í 0,45%
- Álagning fasteignagjalda í B flokki óbreytt eða 1,32%
- Álagning fasteignagjalda í C flokki óbreytt 1,60%
- 5% hækkun á vatnsgjaldi vegna lágmarks, hámarks og af föstu gjaldi.
- Sorphirðugjöld við heimili lækka
- Gjaldfrjálsar skólamáltíðir í grunnskólum
- Aðrar gjaldskrár hækka um 3,5%-5%

*Að vinnu við fjárhagsáætlun komu, auk sveitarstjóra og sveitarstjórnar, stjórnendur deilda, bókarí og launafulltrúi ásamt formönnum nefnda og er þeim hér með þakkað fyrir sína vinnu við gerð áætlunarinnar.*

Þingborg 3. desember 2024

*Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri*